

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

1. gr.

Sé tollverð innfluttrar vöru eða einhver hluti þess tilgreindur í erlendri mynt skal breyta því eða hluta þess í innlenda mynt miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Tollafgreiðslugengi er sölugengi erlendrar myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands og í gildi er við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar eða næsta vinnudag þar á eftir ef ekki er opið í banka þann dag. Skal tollafgreiðslugengi þannig ákveðið gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð á eftir, enda fari fullnaðartollafgreiðsla viðkomandi vöru fram í þeim mánuði, sbr. þó 5. og 6. gr.

Tollafgreiðslugengi viðkomandi erlendrar myntar skv. 1. mgr. fellur úr gildi ef skráning Seðlabankans á sölugengi hennar fellur niður eða tollafgreiðslugengi er breytt skv. 3. gr.

Hafi skráning á sölugengi erlendrar myntar verið felld niður er fyrsta sölugengi myntar sem Seðlabankinn skráir að nýju það tollafgreiðslugengi sem gilda skal til loka mánaðarins, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Verði breyting á sölugengi einnar eða fleiri erlendrar myntar 5% eða meira milli gengisskráninga Seðlabankans ákveður fjármálaráðuneytið með auglýsingu nýtt tollafgreiðslugengi er gildi frá og með útgáfudegi þeirra Stjórnartíðinda sem hún er birt í til loka mánaðarins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Sé verð vöru tilgreint í erlendri mynt sem ekki er skráð í almennri gengisskráningu Seðlabankans skal tollafgreiða vöruna miðað við það sölugengi sem Seðlabankinn ákveður í hverju tilviki og skal það gilda til loka þess mánaðar þegar það var ákveðið, sbr. þó 5. og 6. gr.

5. gr.

Hafi fullgild aðflutningsskjöl skv. 1. tl. 11. gr. tollskrárlaga verið afhent tollstjóra til tollafgreiðslu á vöru áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, sbr. 2. gr., er heimilt að tollafgreiða vöruna samkvæmt því tollafgreiðslugengi, enda hafi aðflutningsskýrsla við það miðuð verið lögð inn fyrir þann tíma og fullnaðartollafgreiðsla vörunnar fari fram innan viku talið frá og með gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, sbr. þó 6. gr.

Leiði breytingar á tollafgreiðslugengi, eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið lögð inn hjá tollstjóra, ekki til hækkunar aðflutningsgjalda umfram 350 kr. er heimilt að tollafgreiða viðkomandi vöru án endurútreiknings og leiðréttingar aðflutningsskýrslunnar. Fjárhæð þessi, sem miðuð er við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 1983, skal breytast til samræmis við breytingar á henni á hverjum tíma.

6. gr.

Vöru sem hlotið hefur bráðabirgðatollafgreiðslu gegn fjártryggingu í peningum skv. 21. gr. tollskrárlaga skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem gildi þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fór fram, enda sé gætt frestskilyrða 2. og 6. gr. reglna nr. 23/1982 við fullnaðartollafgreiðslu.

Ökutæki sem heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skv. 10. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til tollfrjáls innflutnings var veitt, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan þriggja mánaða frá komudegi flutningsfars til landsins. Ökutæki sem tímabundinn innflutn-

ingur hefur verið heimilaður á umfram þrjá mánuði og eigi eru endurútflytt skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

Vöru sem heimilaður er tímabundinn innflutningur á samkvæmt öðrum ákvæðum tollskrárlaga eða sérstökum heimildum skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu vöru var veitt, enda hafi fjártrygging í peningum verið sett eða skuldaviðurkenning sem ber hæstu vexti verið út gefin til tryggingar greiðslu ríkissjóðsgjalda, varan verði eigi endursend og fullnaðartollafgreiðsla fari fram innan þess frests sem tollstjóri ákveður. Sé trygging sett með öðrum hætti skal miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er við fullnaðartollafgreiðslu.

7. gr.

Þegar Seðlabankinn fellir niður gengisskráningu skal tollstjóri fella niður móttöku aðflutningsskjala þar til sölugengi erlendra myntar er skráð að nýju.

Tollstjóra er þó heimilt þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr. að heimila bráðabirgðatollafgreiðslu á vörum gegn fjártryggingu í samræmi við ákvæði 21. gr. tollskrárlaga, sbr. reglur nr. 23/1982. Í þeim tilvikum skal tollafgreiðslugengi vera sölugengi erlendra myntar sem síðast var skráð af Seðlabankanum að viðbættu því álagi sem viðkomandi viðskiptabanki ákveður til bráðabirgða vegna gjaldeyrisyfírfærslna á innfluttum vörum. Ríkissjóðsgjöld við það miðuð skulu innheimt án álags skv. 2. gr. reglna nr. 23/1982, enda séu aðflutningsskjöl að öðru leyti fullnægjandi. Fjártrygging sem sett hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal gerð upp miðað við tollafgreiðslugengi það sem gildi tekur er sölugengi erlendra myntar er skráð að nýju og skal innflytjandi vegna fullnaðaruppgjörs afhenda viðkomandi tollstjóra fullnægjandi aðflutningsskjöl innan viku frá gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, nema lengri frestur hafi verið veittur.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1983. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi auglýsing nr. 464/1982 um tollafgreiðslugengi.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1983.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með hækkun á gjaldskrá eftirtalinna hafnarsjóða um 11.3% með gildistöku frá og með 1. febrúar 1983 að telja:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 648/1982.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213/1980, sbr. reglugerð nr. 649/1982.